

Morgunbl. 12. júlí 1914.

## Á götunni.

A. (sem þykir B. ekki mikill framkvæmdarmaður): Það sem á riður er að framkvæma eitthvað.

B. (sem óskar þess að A., svo duglegur maður sem hann er, væri dálítið vitrari): Rétt er það. En sannar framfarir geta ekki orðið nema betur sé athugað og réttar hugsað.

### I.

Það var í vor, um það leyti, sem bæjarstjórnin var mest skömmuð — í nafnlausum greinum auðvitað — þessi bæjarstjórn, sem íslenzk sparnaðarspeki hyggur muni vinna verk sitt betur ef ekkert kaup er galdið.

A götunni stóð einn af minstu

borgurum þesss bæjarfélags, rúm alia á lengd, og bar sig illa. Góðsamur maður sem var þar á gangi kom nú og spurði hvað að væri, en staulinn svaraði einungis með gráti. Annan mann bar þar að; sá hann að mannsefnið stóð fast í leirbleytu þar á götunni, og »mátti sig þaðan hvergi hræra« og er engum láandi svo litlum, þó að hann þoli illa slíkt ófrelsi. Maðurinn kipti nú svaðilfaranum litla upp, og var þá sorginni lokið í það sinn.

### II.

Ýmsum kann að þykja lítið ritgerðarefnið. En svo er ekki. Þaðan má rekja til þess sem mikið er. Fyrst til þess hvað mönnum gengur oft illa að skilja hvað amar að börnum. Láta menn sér of oft nægja þá skýringu að þau gráti af óþekt, sem þeir kalla, þó að betra væri að leita að öðrum orsökum.

Annað er skórnir, sem þetta barn hafði á fótunum. Slíkir ættu aldrei

að koma á fót, sem nokkur líkindi eru til að muni stíga annarsstaðar en á þurt. Kemur mér það í hug sem oftár, hversu mikið gagn sá maður mundi gera þessari þjóð, sem tækist að auka áhugann á því, að börnum væri ekki kaldara á fótum en óhjákvæmilegt er. Þá yrði minna um kvef og hósta, margt augað yrði bjartara, margur vanginn litfríðari — því að fótakuldi hefir ill áhrif á hjartað og blóðæðakerfið. Þarf ekki svo mjög læknisvit til að dæma um þessa hluti, — að minsta kosti ekki meira en má fá með því að ganga eitt ár á læknskóla, — eins og æfingu í að taka eftir hlutunum og tilhneigingu til að rekja saman orsakir og afleiðingar. Ekki sízt mundi draga úr hálsveikindum ef þetta tækist sem nefnt var, því að kuldi á fótum hefir furðu mikil og ill áhrif á hálsinn, og mörg lundin yrði léttari, því að slíkt kemur svo mikið undir blóðhita og góðu starfi hjartans, það er að segja góðri blóðumrás.

Hafði eg um þessi efni ætlað mér að skrifa sérstaka ritgerð, en hef aldrei í vötn, sakir svefnskorts getað gert það svo mér líkaði. En í þessum efnum er lítið betra en ekki neitt, einkum ef það er vel þegið, og lesið með þeim hug að það kunni þó að vera mönnum hollara, að íhuga vel orð þess sem hefir varið miklum hluta æfi sinnar til að athuga og skilja eitt og annað, og hefir í þeim efnum tekið sumt, sem ekki er auðleikið.

### III.

Íalendingum hefir verið við brugðið fyrir barnadauða og illa meðferð á ungbörnum. Framfarir talsverðar hafa nú að visu orðið í þeim efnum, það sést t. a. m. á því hvað fólkinu hefir fjölgað, en þó gæti verið mjög miklu betur en er, og það væri misskilningur að hugga sig við það, að það séu þó að minsta kosti óefnilegustu börnin, sem veiklast eða deyja; það er oft þvert á móti,

Því er oft hættast sem hæzt stefnir, og vandfarnast með þá fyrst — einkum ef nokkuð ber út af — sem mest geta þolað, þegar herðingin hefir náðst. Það er eftirtektarvert, að þau dýr, sem mestum líkamlegum sigri hafa átt að hrósa á jörðu hér, að breyta sér í flugdýr, eru skordýr og önnur, eins og fuglar, sem eru svo miklu vitminni en mannkynið. En mennirnir eiga mjög langt til þess að geta lifið í loftinu af eigin ramleik, og mikill munur er á því, hvað fuglarnir hafa náð betur því takmarki en mennirnir, að lifið sé þeim gleði. En þeir stefna heldur ekki nærri eins hátt, þó fleygir séu.

#### IV.

Kriurnar virðast ekki þurfa að læra meira um meðferð barna sinna en þeim er meðfætt að kunna. En kvenfólkið þarf þess alveg ófað. Framför yrði ófað af því, að meira væri kent um þessi efni í skólum og þá einkum kvennaskólum, en

geit er. Það þyrfti ekki að vera svo langt mál, til þess að gott gæti af hlotist, en nauðsynlegt væri að finna einhver ráð til þess að æfa eftirtektina gagnvart börnunum. Oft munu börn hafa veikst af því að menn tóku ekki eftir eða höfðu ekki þekkingu til að forðast sykingarorsök, sem vel hefði mátt sneiða hjá. Þegar svo börnin veikjast, munu þau oftara vera stunduð af þeirri alúð sem ástæður leyfa, og grátið stundum beisklega þegar þau deyja og eru grafin; og mundu mörg slík tár hafa sparast, ef fleira hefði verið kent og áthugasemin betur efld. Auðvitað man eg eftir, að hér er margt erfitt, við þá fátækt, sem hér er algengust, og á eg ekki við annað, en að meðferðin verði ekki verri en fátæktin leyfir.

#### V.

Stinga mætti upp á því, að skipuð væri nefnd, náttúrlega mest læknum, til að athuga meðferð á börnum og hvað gera mætti til að bæta hana.

Til þeirrar nefndar mundi koma að athuga, hvort það er ekki rétt séð, að flestir Íslendingar hafi á fyrsta skeiði einhvern snert af beinkröm, og hvernig á þessu stendur, og ef til vill einnig hvers vegna brjóstveiki er svo algeng, og hvort ekki mætti finna einhver ráð til þess, að börn soga eitthvað svolítið minna ofan í sig af rúmfataryki og öðru, en nú tíðkast.

Líka kynni að vera ástæða til þess, þó að ekki verði það rakið nánar hér, að slík nefnd athugaði afleiðingar af langvinnnum bjöllusón eða glamranda, slíkum sem hér fór að tíðkast í febrúar 1913. Eg þykist hafa tekið eftir að hann hafi óheppileg áhrif á taugakerfi bæði barna og fullorðinna, og það svo mjög að mér er nær að halda að þessi afleiti ósiður hafi átt nokkurn þátt í brjálsemi og öðrum höfuðbilunum, sem eg hef heyrt getið um, en fullkunnugt er mér að þessi fávíslegi glamrandi hefir spilt meir en ári af æfi svefnstyggs manns.

Mikill mun verða ábyrgðarhlutur þeirra, sem með því að koma á stað þessum óþarfa bjöllusón hafa gert það sem sízt má, en það er að auka þjáning.

Fyrir löngu sagði mjög ágætur maður, Boddi hét hann víst réttu nafni, eða Boði öllu heldur, en er vanalega nefndur Búddha, að hér á jörðu væri Helvíti. Það er illvild þjáning og dauði, sem gerir Helvíti. Og bjölluglamur, vil eg bæta við. Eða svo mun þeim finnast, sem dag eftir dag hefur orðið að fara á fatur veikur af þreytu, af því að vandfenginn svefn er eyðilagður, þegar hann loksins vill koma, með alópörfum hringingum. Gæti menn vel að því, að starfsemi þeirra miði ekki að því að efla Helvíti, heldur til hins vegar.

(28.4) 10.7.

*Helgi Pjeturss.*

---